

Reykjavík, 24. apríl 2017

Mætt: Viktoría Gísladóttir, Björn Valdimarsson, Sigurður Óli Guðmundsson, Hilmar Theodór Björgvinsson, Hilmar Örn Jónasson, Bryndís Sigurðardóttir, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir og að auki Jón Hjaltason fyrrverandi formaður dómara nefndar

Jón Hjaltason segir frá Norðurlandameistaramótinu sem haldið verður 1., 2. og 3. desember næstkomandi hér á landi. Rætt hefur verið um að skipulag yrði með samskonar hætti og var á Smáþjóðaleikunum 2015. Enn hafa ýmissa praktísk atriði ekki verið tekin fyrir eða ákveðin. Leitað er eftir fólki, til að mynda sunddómurum, í aðgerðanefnd sem hefur störf í ágúst. Aðilar nefndarinnar þurfa að ákveða sig sem fyrst, ekki seinna en í maí. Lagt fram minnisblað (sjá fylgiskjal 1) um skipulag og tímasetningar mótsins. Að þessari umræðu lokinni vék JH af fundi.

Viktoría var skipuð formaður dómara nefndar af stjórn SSÍ í kjölfar síðasta Sundþings. Hilmar Örn Jónasson kemur inn sem fulltrúi stjórnar, Björn Valdimarsson verður varaformaður og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir ritari nefndarinnar.

Rætt var um:

1. IMOC (International Masters Open Championships) verður haldið í Ásvallalaug 5. og 6. maí næstkomandi. Sigurður Óli mun taka að sér að sjá um utanumhald mótsins. Mótið er í 25m laug.
2. AMÍ verður haldið í Laugardalslaug 22., 23., 24. og 25. júní. Ingibjörg Ýr mun sjá um að halda utan um skráningar í dómgæslu og aðra starfsmenn.
3. Dómara námskeið á þessu vori verða haldin í tengslum við félagsmót á næstu vikum, t.d. hjá Ármanni, ÍRB og Breiðablik. Áætlað er að halda dómara námskeið fimmtudaginn 22. júní vegna AMÍ.
4. Lokið verður við að uppfæra öll eyðublöð SSÍ á næstu vikum.
5. Sigurður Óli, Bryndís og Björn gefa kost á sér í aðgerðanefnd vegna Norðurlandameistaramótsins í desember. Viktoría mun verða varamaður í nefndinni.
6. Umræða var enn og aftur um sjálfboðaliða. Þetta kom meðal annars til vegna þeirrar stöðu sem kom upp á síðasta ÍM50 þegar ekki tókst að fullmanna alla mótshluta. Vitundarvakning þarf að verða hjá SSÍ og ÍSÍ um sjálfboðaliða og mikilvægi þeirra á stórum íþróttamótum. Í þessu tilliti var lauslega litið til síðustu fundargerðar þar sem rætt var um sama umræðuefnið.
7. Rætt var um Laugardalslaugina, starfsmenn þar og framkomu þeirra á ÍM50 sem haldið var í byrjun apríl. Þeir neituðu að mæla laugarlengdina. Yfirdómari þarf að geta treyst því að laugin sé lögleg, rétt eins og þjóðarleikvangurinn í Laugardal þarf að vera löglegur fyrir fótboltaleik. Gera þarf kröfur til þess að brúin sé fest svo að hægt sé að mæla laugina rétta og þá geta allar línur verið réttar, þær eru það ekki í dag. Þetta eru grunnkröfur sem þarf að gera til starfsmanna sem sjá um laugina í Laugardal á stórum sundmótum sem smáum.

Virðingarfyllt,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir